



# Rannsóknastöðin Rif: Nýársbréf 2020

Bréf nr. 6, 13. janúar 2020

Rannsóknastöðinni Rifi, sem stofnuð var 2014, er ætlað að skapa jarðveg til rannsókna og þekkingarsköpunar á Melrakkaslétu og Raufarhöfn. Starfsemi hennar byggir á náttúrufarslegri sérstöðu svæðisins og þeim áhrifum sem loftslagsbreytingar og aukin umsvif mannsins hafa á vistkerfi norðurslóða. Markmið stöðvarinnar er þrjúþætt:

- Að efla og auka náttúrurannsóknir á Melrakkaslétu
- Að safna saman, halda utan um og miðla upplýsingum um náttúrufar á svæðinu
- Að styðja nærsamfélagið

## Mannabreytingar hjá Rifi

Nú um áramótin lét Jónína S. Þorláksdóttir af störfum sem forstöðumaður Rannsóknastöðvarinnar Rifs. Jónína hóf störf hjá Rifi í júlí 2015 og var lengst af eini starfsmaður rannsóknastöðvarinnar. Hún hefur mótað starf og innviði stöðvarinnar af miklum metnaði, alúð og fagmennsku og á manna mest heiðurinn af öflugri uppbyggingu Rifs á liðnum árum. Stjórn Rifs ber henni bestu þakkir fyrir hennar mikla framlag og óskar henni velfarnaðar á nýjum stað, en Jónína hefur hafið doktorsnám við Landbúnaðarháskóla Íslands.




Jónína S. Þorláksdóttir

Við forstöðu Rifs tekur Hrönn G. Guðmundsdóttir, sem áður leysti Jónínu af í leyfi og hefur starfað hjá Rifi með hléi frá apríl 2018.

## Rannsóknir á Melrakkaslétu 2019

Nokkur fjöldi vísindafólks sækir Rannsóknastöðina Rif heim á hverju ári, dvelur lengri eða skemmri tíma og sinnir hinum ýmsu verkefnum. Fjöldinn sveiflast nokkuð á milli ára. Á árunum 2016-2019 voru gistinætur við Rif að meðaltali tæplega 170, fjöldi gesta 69 og verkefni 17 talsins. Árið 2019 voru verkefni 17 en fjöldi gesta og gistinætta undir meðaltali, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Fjöldinn segir hins vegar ekki allt um gæðin og sveiflur eru eðlilegar þegar starfsemin er fremur smá í sniðum. Mjög ánægjulegt var til dæmis á árinu að taka á móti skoska fuglafræðingnum Ron Summers og samstarfsfólki hans Gunnari Þór Hallgrímssyni fuglafræðingi og Bozena Kalejta-Summers, en þau stunda spennandi sendlingarannsóknir á



Fjöldi gistinætta, gesta og sjálfstæðra verkefna frá stofnun Rifs árið 2014 og til ársloka 2019.

Melrakkaslétu og hafa fengið Guðmund Örn Benediktsson, fuglaáhugamann á Kópaskeri, til liðs við sig. Verkefnið sem þau standa að felst í að rannsaka ferðir íslenskra sendlinga (*Calidris maritima*) utan varptíma, en margt er á huldu um þær. Sumarið 2019 setti hópurinn m.a. ljósrita á tólf sendlinga. Rannsókninni verður fram haldið sumarið 2020 og vonast hópurinn þá til að endurheimta ljósritana og lesa af þeim en regluleg sendlingatalning Guðmundar Arnar á Slétu er einnig hluti af verkefninu. Þess má geta að rannsóknin byggir á eldri rannsóknum Rons og Gunnars á Melrakkaslétu, en þær leiddu m.a. í ljós að á Slétu er eitt þéttasta varp sendlinga sem vitað er um í heiminum. Segja má að tilkoma Rifs hafi átt sinn þátt í því að hópurinn ákvað að endurvefja sendlingarannsóknir sínar á svæðinu og við erum mjög stolt af því að geta stutt við bakið á þessu öfluga vísindafólki.



Sendlingur með litahringi á vinstri fæti og ljósrita á hægri fæti. Mynd: Ron Summers.

Tveir hópar vísindafólks nýttu aðstöðu Rifs árið 2019 í gegnum fjölþjóðlegan aðgang vísindafólks (e. transnational access), sem er hluti af [INTERACT](#) samstarfinu. Annar hópurinn hyggur á áframhaldandi samstarf við Rif um sitt verkefni, BITCue, sem snýr að samspili blómgunar og frjóbera.

## Staða vöktunar og spennandi rannsóknir árið 2020

Eins og áður hefur komið fram á þessum vettvangi er verið að byggja upp öfluga vöktun á vistkerfi norðurslóða á Melrakkaslétu. Sumarið 2019 lauk söfnun grunngagna um smádyr og verður henni viðhaldið á 3-5 ára fresti héðan í frá í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ). Vöktun á mófuglum á vegum Náttúrustofu Norðausturlands og vöktun á fálka og rjúpu Ólafs K. Nielsen hjá NÍ var með hefðbundnu sniði þetta ár.

Ferskvatnsvöktun á Melrakkaslétu hófst sumarið 2019, en vöktunin er samstarf Rifs, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Hafrannsóknastofnunar. Valdir voru tveir



Starri Heiðmarsson, grasfræðingur og meðlimur í stjórn Rifs, kemur hér fyrir hitanema í affallslæk úr Arnarvatni.

sýnatökustaðir til að hefja vöktun á en þeim fjölga væntanlega á næstu árum. Annar þessara staða er Arnarvatn en veðurstöð Rifs er rétt norðan við það. Stefnt er að því að hefja markvissa söfnun gagna um ferskvatn á Slétu nú í vor og enn fremur gera heildstæða úttekt á lífríki Arnarvatns í samstarfi við

Hafrannsóknastofnun.

Við hjá Rifi erum mjög spennt yfir því að ferskvatnsvöktun sé nú hafin á svæðinu og hlökkum til að taka þátt í að sinna henni.

Fleiri spennandi verkefni eru í farvatninu í ár. Í mars er von á þýskum vísindamönnum til Raufarhafnar. Þeir stunda rannsóknir á ryki, dreifingu þess frá eyðimörkum á norðlægum slóðum og loftslagsbreytandi áhrif þess, en Ísland er einmitt ein helsta uppspretta ryks á norðurslóðum. Rykmælir verður settur upp á eða við Raufarhöfn og sýnum safnað í tvö ár, en Raufarhöfn verður annar af tveimur sýnatökustöðum hópsins á Íslandi. Af öðrum verkefnum á árinu má nefna rannsókn á áhrifum umferðar hvalaskoðunarbáta á heilsu hvala og móttöku 16 manna hóps bandarískra háskólanema á vegum námskeiðshaldarans [Wildland studies](#), en verið er að vinna að langtímasamstarfi Rifs við verkefnið.

## INTERACT á tímamótum

Árið 2020 stendur [INTERACT](#) samstarfið á tímamótum. Fjögurra ára styrkur frá Evrópusambandinu rennur sitt skeið nú í október, en nýverið kom í ljós að INTERACT hefur hlotið annan fjögurra ára styrk til áframhaldandi starfa árin 2021-2024. Slíkur stuðningur frá

Evrópusambandinu er ekki sjálfgefinn en til marks um hve vel hefur tekist til með INTERACT og gæðastimpill á starfið sem unnið hefur verið. Rif er að sjálfsögðu aðili að INTERACT áfram og stefnir á að taka virkan þátt í starfinu næstu ár.



Einbeittir fundarmenn á vinnufundi hópsins sem stendur að vinnupakka 7 á vegum INTERACT á Raufarhöfn í júní 2019. Mynd: Kári Fannar Lárusson.

Ársfundur INTERACT 2019 var haldinn í Vindeln í Svíþjóð í byrjun september og sótti forstöðumaður Rifs hann að venju. Næsti fundur INTERACT verður haldinn í byrjun febrúar, einnig í Svíþjóð.

## Fjárhagur og framtíðarsýn

Eftir kröftuga innri uppbyggingu á fyrstu árum sínum og gjöfult samstarf við gerð metnaðarfullrar vöktunar-áætlunar hefur Rannsóknastöðin Rif burði til að verða einn af hornsteinum Íslendinga í vöktun á norðurslóðum. Framtíðarsýn Rifs er skýr og stofnunin býr svo vel að eiga fjölmarga samstarfsaðila sem eru tilbúnir að vinna að þessu markmiði með okkur.



Rifslækur seytlar undan snjónum og rennur norður til sjávar. Mynd: Guðmundur Örn Benediktsson.

Því miður ríkir þó nokkur óvissa með fjármögnun stofnunarinnar til framtíðar. Rif treystir á ríkisframlag til að standa undir rekstri sínum og hefur undanfarin ár hlotið tímabundið framlag til eins árs í senn, árin 2019 og 2020 frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu (UAR). Eins og gefur að skilja reynist það smárri rannsóknastöð í dreifbýli erfitt að búa við árlega óvissu um fjármögnun og þar með grundvöll starfsemi sinnar. Stjórn og starfsmenn Rifs eru þó vongóð um að greiðst geti úr þessari stöðu á árinu, en fjárlaganefnd Alþingis lagði fram tillögu með fjárlögum ársins 2019 þess efnis að UAR gerði samning við Rif um langtímafjármögnun rannsóknastöðvarinnar. Vilji stjórnar Rifs stendur eindregið til þess að ganga frá slíkum samningi sem fyrst á nýju ári.